

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar 2013 í máli nr. S-476/2010:

Ákærvaldið

(Björn Þorvaldsson saksóknari)

gegn

Styrmi Þór Bragasyni

(Ragnar Halldór Hall hrl.)

I

Málið, sem dómtekið var 14. janúar síðastliðinn, var höfðað með ákæru sérstaks saksóknara samkvæmt lögum nr. 135/2008, útgefinni 25. júní 2010 á hendur Jóni Þorsteini Jónssyni, Ragnari Zophoníasi Guðjónssyni og Styrmi Þór Bragasyni, Keilugranda 2, Reykjavík, „fyrir eftirtalin brot gegn almennum hegningarlögum:

I

Á hendur ákærðu Jóni Þorsteini, þáverandi stjórnarformanni Byrs sparisjóðs, og Ragnari Zophoníasi, þáverandi sparisjóðsstjóra hjá sama sparisjóði, fyrir umboðssvik, með því að hafa í október 2008, misnotað aðstöðu sína hjá sparisjóðnum og stefnt fé hans í stórfellda hættu, með því að fara út fyrir heimildir til lánveitinga, er þeir í sameiningu veittu einkahlutafélaginu Tæknisetrinu Arkea (síðar Exeter Holdings), 800 milljón króna yfirdráttarlán, sem greitt var út af reikningi félagsins nr. [...], til að fjármagna að fullu kaup á stofnfjárbréfum í Byr sparisjóði, án fullnægjandi trygginga fyrir endurgreiðslu lánsins þar sem ekki voru fyrir hendi aðrar tryggingar en veð í stofnfjárbréfunum sjálfum, sem braut í bága við starfsreglur sparisjóðsins um veðsetningarhlutföll tryggingarandlaga og án þess að meta á nokkurn hátt greiðslugetu og eignastöðu lánþegans í samræmi við útlánareglur sparisjóðsins, en eiginfjárstaða einkahlutafélagsins var þá neikvæð. Var yfirdráttarlánið veitt vegna kaupa einkahlutafélagsins Tæknisetursins Arkea á stofnfjárbréfum í Byr sparisjóði, sem voru meðal annars í eigu ákærða Jóns Þorsteins og einkahlutafélagsins Húnahorns, sem var að hluta í eigu ákærða Ragnars, og stofnfjárbréfum annarra tiltekinna lykilstarfsmanna sparisjóðsins og aðilum þeim tengdum og voru þeir því vanhæfir til að taka ákvörðun um lánveitinguna.

MP Banki hf., sem lánað hafði ákærðu og umræddum starfsmönnum Byrs sparisjóðs vegna kaupa þeirra á bréfunum, hafði hótáð að gjaldfella lánin og ganga að umræddum stofnfjárbréfum, þar sem tryggingar væru ekki nægjanlegar. Gengi á stofnfjárbréfunum sem þannig voru seld Tækniþetriu Arkea, með umræddri fjármögnun Byrs sparisjóðs, var ákveðið með samráði ákærðu Jóns Þorsteins og Ragnars Zophoníasar og meðákærða Styrms Þórs, sem þá var framkvæmdastjóri MP Banka og var nægjanlega hátt til að umrædd lán MP Banka til ákærða Jóns Þorsteins og einkahlutafélagsins Húnahorns, sem ákærði Ragnar Zophonías átti að hluta, yrðu greidd að fullu.

Yfirdráttarheimildin var veitt og umræddir fjármunir, sem telja verður að séu sparisjóðnum með öllu glataðir, færðir af reikningi Tækniþetursins Arkea nr. [...] á reikning MP Banka hf. [...], þann 13. október 2008.

Stofnfjárbréfin sem einkahlutafélagið Tækniþetrið Arkea keypti með umræddri fjármögnun Byrs sparisjóðs voru í eigu eftirtalinna aðila:

1) Húnahorns ehf., kt. 000000-0000, nafnvirði.	20.871.253 stofnfjárhlutir að
2) Jóns Þorsteins Jónssonar, kt. 000000-0000, nafnvirði.	54.109.865 stofnfjárhlutir að
3) Auðar Örnú Eiríksdóttur, kt. 000000-0000, nafnvirði.	16.767.866 stofnfjárhlutir að
4) G. Óttars Sigurðssonar, kt. 000000-0000, nafnvirði.	4.219.342 stofnfjárhlutir að
5) G. Árnasonar ehf., kt. 000000-0000, nafnvirði.	27.047.068 stofnfjárhlutir að
6) MP Banka hf., kt. 000000-0000, nafnvirði.	119.244.757 stofnfjárhlutir að

II

Á hendur Styrmi Þór Bragasyni, þáverandi framkvæmdastjóra MP Banka:

a) fyrir hlutdeild í umboðssvikum ákærðu Jóns Þorsteins og Ragnars Zophoníasar sem lýst er í ákærulið I, með því að hafa ásamt meðákærðu lagt á ráðin um að umrætt fé yrði greitt úr sjóðum Byrs sparisjóðs til að fjármagna áðurnefnd kaup á stofnfjárbréfum ofangreindra aðila í október 2008, hafa ákveðið gengi bréfanna í þeim viðskiptum ásamt meðákærðu og hafa haft milligöngu um að einkahlutafélagið Tæknisetrið Arkea keypti stofnfjárbréfin á því verði sem hann hafði ákveðið ásamt meðákærðu, með 800 milljón króna yfirdráttarláni Byrs annars vegar og 43.916.385 króna fjármögnun MP Banka hins vegar. Þá seldi MP Banki Tæknisetrinu Arkea einnig 119.244.757 stofnfjárhluti í Byr sparisjóði í þessum viðskiptum og voru kaupin fjármögnuð á sama hátt með yfirdráttarláni Byrs sparisjóðs. Með þessu var tjónshættu MP Banka vegna lánanna komið yfir á Byr sparisjóð. Gat ákærða ekki dulist, í ljósi aðdraganda viðskiptanna og allra aðstæðna, að féð var greitt úr sjóðum Byrs sparisjóðs með ólögnum hætti.

b) fyrir peningaþvætti með því að hafa í stöðu sinni sem framkvæmdastjóri MP Banka tekið við framangreindum fjármunum sem aflað var með umboðssvikum meðákærðu, þrátt fyrir að honum hefði mátt vera ljóst, í ljósi allra aðstæðna, að lán það sem meðákærðu útveguðu frá Byr sparisjóði til viðskiptanna var veitt með ólögnum hætti.

III

IV

Brot ákærðu Jóns Þorsteins og Ragnars Zophoníasar samkvæmt I. og III. kafla ákæru varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Brot ákærða Styrmis Þórs samkvæmt II. kafla a) varðar við 249. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga en brot samkvæmt II. kafla b) varðar við 1. mgr. 264. gr. sömu laga.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

V

Af hálfu Byrs hf., er gerð sú krafa að Jón Þorsteinn Jónsson og Ragnar Z. Guðjónsson verði dæmdir til að greiða Byr hf. óskipt kr. kr. 1.004.452.265,- með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af kr. 800.000.000,- frá 13. október 2008 til 29. desember 2008 en af kr. 1.004.452.265,- frá þeim degi til þingfestingardags sakar gegn þeim, en dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist að Styrmir Þór Bragason verði dæmdur til að greiða kr. 800.000.000,- með vöxtum skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. október 2008 til þingfestingardags sakar en

dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Loks er þess krafist að öllum þremur verði með dómi gert að greiða Byr hf. málskostnað að skaðlausu.“

Málið var upphaflega dæmt í héraði 29. júní 2011 og voru allir ákærðu sýknaðir og bótakröfunni vísað frá dómi. Með dómi Hæstaréttar 7. júní 2012 voru þeir Jón Þorsteinn og Ragnar Zophonías sakfelldir samkvæmt ákærinni og dæmdir til fangelsisrefsingar en dómur héraðsdóms ómerktur hvað varðaði ákærða Styrimi og málinu vísað aftur heim í hérað.

Ákærði neitar sök og krefst sýknu. Þess er krafist að sakarkostnaður, þar með talin málsvarnarlaun, verði greiddur úr ríkissjóði. Ákærði krefst þess að skaðabótakröfunni verði vísað frá dómi.

II

Upphaf málsins var að Fjármálaeftirlitið ákvað 22. apríl 2010 að taka yfir vald stofnfjäreigenda Byrs sparisjóðs og víkja stjórn sjóðsins frá. Skipuð var bráðabirgðastjórn auk þess sem Fjármálaeftirlitið tók ýmsar ákvarðanir sem það taldi nauðsynlegar, þar á meðal að ráðstafa öllum eignum sparisjóðsins til Byrs hf. Þessi ákvörðun var byggð á VI. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. IV. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009.

Með bréfi 7. september 2009 vísaði Fjármálaeftirlitið til sérstaks saksóknara rannsókn sem það hafði hafið á kaupum Exeter Holdings ehf. á stofnfjárbréfum í Byr sparisjóði „vegna gruns um refsiverða háttsemi stjórnenda Byrs og MP banka hf. í tengslum við það ástand sem skapaðist á fjármálamarkaði við setningu laga nr. 125/2008“ eins og segir í bréfinu. Þar segir og að viðskiptin hafi átt sér stað í byrjun október 2008 og í desember sama ár. „Þau vekja grunsemdir þar sem Exeter fékk yfirdráttarlán frá Byr að fjárhæð rúmlega einum milljarði króna til að kaupa stofnfjárbréf í Byr af MP banka, á sama tíma og stærstu viðskiptabankar landsins eru að falla. Engar tryggingar voru lagðar fram fyrir láninu, umfram stofnfjárbréfin sjálf og Exeter virðist hafa verið með neikvæða eiginfjárstöðu þegar lánið var veitt. MP banki hafði eignast stóran hluta þessara bréf vegna veðkalla hjá tilteknum stjórnendum Byrs og tengdum aðilum.“ Í bréfinu segir enn fremur „að svokölluðum „stofnfjármarkaði“ með stofnfjárbréf Byrs, sem MP banki hafði umsjón með, hafði verið lokað í ágúst vegna fyrirhugaðrar hlutafjávæðingar sparisjóðsins. Viðskiptin eiga sér því stað „yfir borðið“, þ.e.a.s. Exeter mátti vita hver mótaðili sinn var í viðskiptunum. Þá vekur athygli að kaupverð í fyrri viðskiptunum var kr. 1,585 per hlut, en síðasta viðskiptaverð á stofnafjármarkaðnum var kr. 1,6.“

Í ákærinni er gerð grein fyrir þeim sem seldu bréfin í þessum viðskiptum og hversu mikill hlutur hvers og eins var. Þá segir enn fremur í bréfinu að hugsanlegt sé að MP banki hafi samþykkt að taka stofnfjárbréfin „upp í skuldir viðkomandi aðila á svo háu gengi, gegn því skilyrði að Byr myndi fjármagna þann aðila sem myndi kaupa bréfin af MP banka á sama gengi. Með þessu móti komust viðkomandi skuldarar MP banka hjá því að tapa meiru en stofnfjárbréfum sínum,

en sumir báru persónulega ábyrgð á skuldum sínum, án þess þó að MP banki yrði fyrir tjóni.“

Sérstakur saksóknari rannsakaði málið með yfirheyrslum og öflun annarra gagna og er ákæran byggð á þeirri rannsókn.

Á þessum tíma var ákærði framkvæmdastjóri MP banka og kom sem slíkur að framangreindum viðskiptum, en nánari grein verður gerð fyrir hlutverki hans í næsta kafla þar sem framburður hans fyrir dómi verður rakinn.

III

Við aðalmeðferð bar ákærði, sem á þessum tíma var framkvæmdastjóri MP banka, að haustið 2008 hefði íslenska krónan lækkað mjög mikið og því hafi verið nauðsynlegt að kalla eftir frekari veðum, meðal annars til tryggingar lánnum sem bankinn hafði veitt til að kaupa stofnfjárbréf í Byr sparisjóði. Eftir að MP banki hafði kallað eftir frekari veðum hefðu viðkomandi lántakendur óskað eftir að hitta ákærða til að reyna að leysa málin. Um hafi verið að ræða þá Jón Þorstein og Ragnar Zophonías, forsvarsmann Húnahorns ehf. Fundur hafi svo verið haldinn í bankanum og kvaðst hann hafa lagt til að Fleða ehf., sem var í eigu bankans, myndi kaupa bréfin eftir að í ljós kom að frekari tryggingar yrðu ekki lagðar fram. Ákærði kvaðst á þessum tíma hafa metið stöðu Byrs allt aðra en stóru bankanna sem voru að hrynja um þessar mundir. Rakti ákærði hvernig staða sparisjóðsins hefði batnað á árinu og eins hefði starfsemi hans verið með þeim hætti að þess var að vænta að örlög hans yrðu önnur en bankanna. Tillaga ákærða var að Fleða myndi leggja fram eigið fé sitt, sem hafði verið um 200 milljónir um áramótin, en til viðbótar kvaðst hann hafa hreyft þeirri hugmynd að Byr myndi lána félaginu það sem á vantaði. Þá hafi það og verið hugmynd hans að félagið myndi kaupa stofnfjárbréf í eigu bankans. Á þessum tíma hafi verið mikill lausfjárskortur og kvaðst ákærði hafa borið hagsmuni fyrirtækis síns fyrir brjósti í þessum viðskiptum. Hjá Byr hefði hins vegar ekki verið lausfjárskortur, enda hefðu innlán hans aukist mikið á árinu. MP banki hafi hins vegar verið fjárfestingabanki sem ekki hefði tekið við innlánnum, heldur fjármagnað sig með allt öðrum hætti. Þessi tillaga hafi þó verið með þeim fyrirvara að stjórnarformaður bankans, Margeir Pétursson, myndi samþykkja þetta. Hann hafi hins vegar ekki fallist á þetta þar eð bréf, sem bankar eiga í fjármálafyrirtækjum, dragast frá eigin fé þeirra og hefði því mat á eigin fé MP banka lækkað sem numið hefði eign Fleðu í Byr. Daginn eftir hefði stjórnarformaðurinn tjáð sér að hann hefði rætt við Ágúst Sindra Karlsson og komið hefði í ljós að hann vildi kaupa bréfin og hefði stjórnendum Byrs verið tjáð að kominn væri nýr kaupandi að bréfunum. Jafnframt var kannað hvort þeir vildu fjármagna kaup hans. Kvaðst ákærði hafa spurst fyrir um það hjá forsvarsmönnum Byrs, fyrir hönd Ágúst Sindra, hvort þeir vildu fjármagna kaup hans ef hann gengi inn í kaup Fleðu. Ákærði kvaðst þó ekki hafa rætt við Ágúst heldur hefði stjórnarformaðurinn gert það. Þá ítrekaði hann að hann hefði ekkert haft með það að gera hvort Byr lánaði til kaupanna eða ekki, enda hefði hann ekki stjórnað sparisjóðnum. Stjórnendur hans hafi og sagt að þeir yrðu að fara með málið fyrir stjórnina, þannig hefði málið verið kynnt fyrir sér.

Ákærði kvaðst hafa lagt til sölugengið á bréfunum eftir að hafa fengið það útreiknað hjá lánasviði MP banka. Spurður um hvort gengið hafi miðast við að bankinn fengi lán sín að fullu greidd, svaraði ákærði að hann hefði verið að gæta hagsmuna bankans í þessu máli og hefði gengið miðast við það. Ákærði neitaði algerlega að hann hefði haft hönd í bagga þegar síðasta sala á stofnfjárbréfum fór fram í ágúst 2008 en þá var gengi bréfanna 1,6 í litlum viðskiptum og kaupandi þeirra var bankinn.

Framangreindur Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður Byrs á þessum tíma, bar að hafa átt þátt í því að taka stærri ákvarðanir, bæði á stjórnarfundum og eins hefðu hann og sparisjóðsstjórinn ræðst mikið við. Varðandi þetta mál kvað hann þá þrjá, sem ákærðir voru í málinu, hafa hist á fundi í MP banka og þá hafi verið ákveðið að setja bréf þau, sem í I. kafla ákæru greinir, saman í pakka og hefði verið ákveðið að Byr myndi lána Fleðu, sem hafi átt 200 milljónir í eigin fé, fyrir bréfunum. Síðar hafi stjórnarformaður MP banka og ákærði fundið annan fjárfesti sem hafi keypt bréfin, en hann kvaðst ekki hafa verið viðriðinn það ferli. Jón Þorsteinn bar að á þessum tíma hafi Byr staðið mjög vel og þessi fjárfesting í stofnfjárbréfum hans hafi átt að vera trygg. Hann kvað sig minna að ákærði hefði lagt til gengi bréfanna og miðað þá við síðasta sölugengi. Jón kvað ákærða hafa áður verið í stjórn Byrs og hefði hann kynnst honum þá, en ákærði hefði ekki verið í stjórn á þessum tíma.

Ragnar Zophonías Guðjónsson, sem var sparisjóðsstjóri Byrs, bar að MP banki hefði kallað eftir frekari veðum vegna lána, eins og rakið er í ákæru, og í framhaldinu kvaðst hann hafa haft samband við ákærða til að ræða lausnir á málinu. Síðar kvað hann þá þrjá, sem ákærðir voru í málinu, hafa hist á fundi í MP banka og þar hafi komið fram að bankinn hefði áhuga á að taka bréf sín í Byr, auk bréfa þeirra sem í ákæru greinir, og setja þau inn í dótturfélag bankans. Kvaðst Ragnar hafa skilið þetta svo að verið væri að taka bréfin þar eð ekki hefðu verið sett nægjanleg veð. Hann kvað Byr hafa verið í miklu samstarfi við MP banka og kvaðst hann hafa skilið það svo að bankinn væri í lausafjárvandráðum. Á þessum tíma hefði ekki verið tiltökumál fyrir sparisjóðinn að lána bankanum og taka veð í eigin bréfum, enda hefði lausafjárstaða sparisjóðsins verið mjög góð. Ákærði hafi komið með tillögu um gengi bréfanna og taldi Ragnar að það hafi miðast við lokagengi á hinum óformlega stofnfjármarkaði. Hann kannaðist ekki við að gengið hefði miðast við að bankinn fengi sín lán greidd. Upphaflega hefði Fleða átt að kaupa bréfin, en Jón hefði hringt í sig og sagt að bankinn vildi ekki nota það félag heldur annað félag og þá hefði Tæknisetrið Arkea komið í staðinn. Ragnar kvaðst ekkert hafa rætt við ákærða um þessi mál heldur hefði hann rætt þau við Jón. Fjármögnunin átti að vera sú sama nema Tæknisetrið Arkea ætlaði að fjármagna 10% kaupanna með eigin fé, sem bankinn ætlaði að lána því, en 90% ætlaði Byr að lána. Þá kvaðst hann ekki hafa rætt við Ágúst Sindra um þessi mál og ekkert vita um aðkomu hans að málinu.

Margeir Pétursson, sem var stjórnarformaður MP banka á þessum tíma, kvað ákærða og Jón Þorstein hafa haft samband við sig og lýst því þannig að Byr vildi yfirtaka fjármögnun framangreindra stofnfjárbréfa og spurt sig hvort hann vissi um einhvern sem vildi kaupa bréfin. Margeir kvaðst hafa haft samband við Ásgeir Sindra sem hafði áhuga á kaupunum, en alltaf hafi legið fyrir hjá sér að Byr myndi fjármagna kaupin. Upphaflega hafi staðið til að Fleða, dótturfélag bankans á

Þessum tíma, myndi kaupa bréfin en eignarhlutar í fjármálafyrirtækjum dragast frá eigin fé fjármálafyrirtækja sem eiga þau að hluta eða öllu leyti. Ef Fleða hefði keypt bréfin hefðu þau dregist frá eigin fé bankans eins og það er reiknað samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Valgarð Briem starfaði á þessum tíma sem verðbréfamiðlari hjá MP banka. Hann kvaðst hafa annast svonefndan stofnfjárbréfamarkað Byrs en í því hafi falist að skrá sölu- og kauptilboð og láta vita ef viðskipti yrðu með bréfin. Valgarð kvaðst ekkert hafa komið að þeim viðskiptum, sem hér eru til umfjöllunar, en fengið tölvupóst um þau þegar búið var að ákveða þau. Hann taldi sig muna að ákærði hefði sent sér tölvupóst um að í stað Fleðu kæmi Tæknisetrið Arkea og hefði hann líklega tilkynnt það til Ragnars sparisjóðsstjóra. Valgarð kvað ákærða hafa komið að þessum viðskiptum og hafi það ekki verið óvanalegt með stór viðskipti, það hefði gerst tvisvar eða þrisvar áður. Síðustu viðskipti með stofnfjárbréf í Byr voru 22. ágúst 2008 og þá var gengið 1,6 en hafði verið lægra í viðskiptum fyrir þann dag. Valgarð kvaðst þá hafa fengið fyrirmæli frá ákærða um að kaupa á þessu gengi.

Thomas Skov Jensen var forstöðumaður áhættustýringar MP banka á þessum tíma. Ákærði var yfirmaður hans. Hann kvaðst hafa sent ýmsum aðilum tilkynningar 2. október 2008 um að bankinn sæi sig knúinn til að gjaldfella lánasamninga vegna markaðsaðstæðna. Svörin voru þau að óskað væri eftir fundi með ákærða en ekki vissi hann nánar um þann fund á þeim tíma. Málin hefðu hins vegar verið leyst með þeim hætti að Fleða myndi kaupa bréfin og andvirði þeirra gengi til að greiða lánin. Hann kvaðst ekki muna hvenær hann frétti af því hvernig átti að fjármagna kaupin. Þá kvaðst hann ekki vita hvernig gengi bréfanna var fundið út, en taldi að miðað hefði verið við síðasta sölugengi.

Ágúst Sindri Karlsson bar að hafa verið í sambandi við Margeir Pétursson sem hafi skýrt honum frá að í boði væri að kaup stofnfjárbréf í Byr. Ágúst kvaðst hafa rætt við ákærða og, eftir umhugsunarfræst, metið það svo að um væri að ræða áhugaverðan fjárfestingarkost. Hann kvaðst aðeins hafa rætt við ákærða um þessi mál og þar með fjármögnunina, en málið hefði verið kynnt fyrir sér á þann hátt að hún væri „innifalin.“ Ágúst kvaðst ekki hafa verið í sambandi við Byr nema hvað hann hafi farið þangað til að undirrita skjöl um lántökuna. Hann kvaðst ekki hafa rætt um verðið á bréfunum enda væri það ekki venjan þegar um hlutabréf væri að ræða, annaðhvort keyptu menn á uppsettu verði eða ekki. Ágúst kvaðst hafa litið svo á að á þessum tíma hafi verið mörg tækifæri í Byr, enda hafi hann verið með mikið eigið fé og nýbúið að auka hlutaféð. Hann kvaðst því ekki geta áttað sig á hvar menn hefðu átt að sjá á þessum tíma að fjárfesting í stofnfjárbréfum í honum væri ekki góður kostur.

IV

Ákærða og vitnum ber saman um að upphaf málsins hafi verið að MP banki kallaði eftir auknum veðum 2. október 2008 til tryggingar lánunum sem veitt höfðu verið til að kaupa stofnfjárbréf í BYR sparisjóði, meðal annars þeim bréfum sem um getur í I. kafla ákæru. Samkvæmt því sem fram kom við aðalmeðferð er ljóst að lántakendur þeir, sem í ákæru greinir, ætluðu sér ekki að setja frekari tryggingar.

Ákærði sem framkvæmdastjóri MP banka hefur borið að hann hafi verið að gæta hagsmuna bankans í þessum viðskiptum sem öðrum. Hér að framan var gerð grein fyrir þeirri hugmynd hans að einkahlutafélag í eigu bankans myndi kaupa bréfin og sparisjóðurinn fjármagna þau kaup. Þá var og gerð grein fyrir því að stjórnarformaður bankans hefði lagst gegn því og hver rök hans hefðu verið. Í framhaldinu varð það úr að Tæknisetrið Arkea, sem var í eigu Ágúst Sindra Karlssonar, keypti stofnfjárbréfin og fékk til þess lán hjá Byr. Jón Þorsteinn Jónsson og Ragnar Zophonías Guðjónsson voru með dómi Hæstaréttar 7. júní 2012 sakfelldir fyrir umboðssvik vegna þessarar lánveitingar. Í þessum þætti málsins er fyrst til úrlausnar hvort ákærði hafi átt refsiverða hlutdeild í umboðssvikunum eins og honum er gefið að sök í a-lið II. kafla ákærunnar.

Í ákærunni er því haldið fram að með framangreindum viðskiptum hafi tjónsáhættu MP banka vegna lánanna verið komið yfir á Byr. Enn fremur að ákærða hafi ekki getað dulist, í ljósi aðdraganda viðskiptanna og allra aðstæðna, að féð hafi verið greitt úr sjóðum Byrs með ólögum hætti. Það er alkunna að haustið 2008 var mikill lausafjárskortur hjá stóru íslensku bönkunum og varð það meðal annars til þess að þeir féllu. Ákærða og vitnum ber hins vegar saman um að á sama tíma hafi lausafjárstaða Byrs verið góð og fær það stuðning í öðrum gögnum málsins. Óhjákvæmilegt er að hafa þetta í huga þegar metin er sú ákvörðun ákærða að leita eftir því við forsvarsmenn Byrs að sparisjóðurinn lánaði til kaupa á stofnafjárbréfunum. Það er hins vegar augljóst mál að lánveitandi ber ákveðna áhættu af því að lána fé og með því að sparisjóðurinn lánaði í stað bankans færðist sú áhætta til sparisjóðsins. Með framangreindum dómi Hæstaréttar var því slegið föstu að lánveitingin, sem um getur í I. kafla ákæru, hafi verið ólögum hætti. Ákærði hefur hins vegar staðfastlega neitað því að honum hafi verið kunnugt um það hvernig staðið var að málum hjá Byr varðandi lánveitinguna. Það er mat dómsins að framburður ákærða um þetta við aðalmeðferð málsins hafi verið trúverðugur en hann styðst auk þess við framburð vitna sem rakinn var. Ákærði hefur kannast við að hafa lagt til sölugengi bréfanna og hefði það miðast við að bankinn fengi lán sín greidd. Í ljósi stöðu ákærða sem framkvæmdastjóra bankans er sú afstaða ekki óeðlileg að gæta hagsmuna hans við þá samningsgerð sem um ræðir. Hann var hins vegar ekki í stöðu til að ákveða hvernig staðið yrði að lánveitingunni af hálfu Byrs sparisjóðs og átti engan þátt í afgreiðslu málsins þar. Hefur ekki verið sýnt fram á að ákærða hafi ekki getað dulist að meðákærðu stóðu með ólögum hætti að lánveitingunni. Með vísun til 108. og 109. gr. laga nr. 88/2008 telst því ósannað að ákærði hafi gerst sekur um hlutdeild í umboðssvikum þeim sem greinir í I. kafla ákæru.

Í b-lið II. kafla ákærunnar er ákærða gefið að sök peningabætti eins og þar er rakið. Með vísun til þess, sem að framan var rakið í umfjöllun um a-lið II. kafla ákærunnar, telst jafnframt ósannað að ákærða hafi mátt vera ljóst að fjármuna þeirra sem hann tók við fyrir hönd MP banka hefði verið aflað með umboðssvikum, svo að hann teljist hafa gerst sekur um peningabætti af ásetningi eða gáleysi.

Samkvæmt öllu framanrituðu verður ákærði sýknaður af ákærunni. Með vísun til 2. mgr. 176. gr. laga nr. 88/2008 er bótakröfunni vísað frá dómi.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða að meðtöldum virðisaukaskatti skulu greidd úr ríkissjóði eins og nánar greinir í dómsorði, sbr. 2. mgr. 218. gr. nefndra laga, en annan kostnað leiddi ekki af rekstri málsins.

Dóminn kváðu upp héraðsdómaramarnir Arngrímur Ísberg, dómsformaður, Guðjón St. Marteinson og Ragnheiður Harðardóttir.

D Ó M S O R Ð

Ákærði, Styrmir Þór Bragason, er sýknaður af kröfum ákærvaldsins.

Skaðabótakröfu Íslandsbanka hf. er vísað frá dómi.

Málsvarnarlaun verjanda ákærða, Ragnars H. Hall hrl., 551.250 krónur, skulu greidd úr ríkissjóði.

Arngrímur Ísberg

Guðjón St. Marteinson

Ragnheiður Harðardóttir